

033/01 - Hraunsvík GK 90

Hraunsvík GK 90, eldur um borð í Þorlákshöfn

Hraunsvík GK 90

Skipaskr.nr.: 1640

Smíðaður: Stykkishólmi 1982 Stál

Stærð: 172,00 brl; 263,00 bt

Lengd: 33,40 m **Breidd:** 7,00 m **Dýpt:** 5,60 m

Vél: Crepelle 552,00 kW **Árgerð:** 1987

Annað:

Földi skipverja: 10



Atvikalýsing

Um kl. 11:30 þann 11. mars 2001 var tilkynnt um eld um borð í m.b. Hraunsvík GK 90 þar sem báturinn lá við Skarfaskersbryggju í Þorlákshöfn.

Þegar verið var að leggja að bryggju í Þorlákshöfn fór brunaaðvörunarkerfið í gang og gaf til kynna að eldur væri laus í vélarrúmi skipsins. Skipstjórinn stöðvaði strax aðalvél og vélstjórinn, sem var staðsettur í brúnni, fór niður í vélarrúmið og sá að eldur logaði í kringum öxulbremsuna (stöðvar skrúfu þegar kúplað er frá aðalvél) aftast í rýminu. Vélstjórinn lokaði hurðinni að vélarrúminu og slökkti á loftblásaranum fyrir það. Hann fór síðan upp í brú og skipstjórinn setti slökkvikerfi fyrir vélarrúmið í gang, sem slökkti eldinn.

Við rannsókn kom fram

- að vélstjóri taldi að öxulbremsa hafi staðið á sér;
- að samkvæmt skoðun er greinilegt að eldur logaði í kringum öxulbremsuna;
- að olúsmit (eldmatur) var á og við kúplingshús;
- að svipað atvik átti sér stað um einum og hálfum mánuði áður og í það skipti hafði spóla í rafmagnsrofa gefið sig með þeim afleiðingum að öxulbremsan stóð á sér.

Nefndarálit

Nefndin telur að allt bendi til að eldurinn hafi kviknað út frá öxulbremsu.